

Tillögur nefndar A að texta í áfangaskjal¹

með skýringum²

Lagðar fram til kynningar á 12. fundi Stjórnlagaráðs, 9. júní 2011

Breytt málfræðilegt kyn

Nefnd A vill skoða að hve miklu leyti hægt er að hverfa frá málfræðilegu karlkyni í texta stjórnarskrárinnar. Hér er lögð til breyting á jafnræðisreglu mannréttindakaflans, sem gæti orðið leiðarljós í frekari orðalagsbreytingum – annaðhvort í mannréttindakaflanum einum, eða í áfangaskjalinu öllu.

2. Jafnræðisregla

Breytingartillaga nefndar A	Áfangaskjal eftir 11. ráðsfund
<u>Öll erum við jöfn</u> fyrir lögum og <u>skulum</u> njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórnáátengsla, trúarbragða, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.	Allir eru jafnir fyrir lögum og skulu njóta mannréttinda án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, aldurs, arfgerðar, búsetu, efnahags, fötlunar, kynhneigðar, litarháttar, skoðana, stjórnáátengsla, trúarbragða, uppruna, ætternis og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Alj/8.6.2011

¹ Vinnu við áfangaskjalið lýkur ekki fyrr en drög að frumvarpi liggja fyrir. Allar greinar þess geta því tekið breytingum, einnig samþykktar tillögur.

² Undirstrikað letur gefur til kynna breytingu frá tillögum stjórnlaganefndar, eða frá ákvæðum núgildandi stjórnarskrár, eftir því sem við á.